

Akraneskaupstaður
Hafdís Sigurþórsdóttir
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 8. september 2022
UST202208-311/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Aðalskipulag Akraness 2021 – 2033 – Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar er barst 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á heildarendurskoðun á aðalskipulagi Akraness 2021 - 2033.

Flokkar friðlýstra svæða

Í forsendum skipulagsins á bls. 6 er fjallað um friðlýst svæði. Umhverfisstofnun bendir á að undir flokka friðlýstra svæða falla einnig „*verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda*“ (50. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013) og „*friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar*“ (53. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013).

Blautós og Innstavogsnes

Í greinargerð í forsendukafla 2.2.1 er fjallað um uppbyggingarsvæði til síðari nota á mynd 20 og liggur annað þeirra svæða nærri Blautósi. Í dag liggur hesthúsabyggð að friðlandinu og fyrirhuguð er uppbygging iðnaðarsvæðis í jaðri þess.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framtíðaruppbygging í sveitarfélaginu valdi ekki álagi á friðlandið og rýri ekki verndargildi þess.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að settar séu fram hugmyndir að stígum til að auka aðgengi almennings að svæðinu. Hins vegar er mikilvægt að haft sé samráð við stofnunina varðandi hugmyndina, að raski sé haldi í lágmarki, að allar framkvæmdir séu utan varptíma og rýri ekki verndargildi svæðisins.

Auk þess minnir stofnunin á að líkt og kemur fram í greinargerð þá er mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breyting á landi friðlandsins háð leyfi Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Akraness.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlandsins geti á einhvern hátt haft áhrif á það. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar*

Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð í forsendukafla 1.3.2 er fjallað um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að svæði, sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga innan sveitarfélagsins¹, séu sýnd á þemaupprætti svipað og á mynd 5 forsenduskýrslu, sem sýnir vistgerðir² innan sveitarfélagsins.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan Blautóss³ er skilgreint mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ², en svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður fyrir margæsir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda,

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/blautos>

svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 taka gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Breytingarnar eru settar fram í lögum nr. 103/2021 og snúa að því að stuðla að hringrásarhagkerfi með innleiðingu regluverks ESB og um leið ýta í framkvæmd stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum (*Í átt að hringrásarhagkerfi*).

Þar er vert að benda á að frá og með 1. janúar 2023 verður sveitarfélögum skylt að koma sér upp sérstakri söfnun og flokkun á fleiri tegundum heimilisúrgangs en áður hefur verið. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum og sérstök söfnun á spilliefnum í nærumhverfi íbúa. Lögáðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar- og niðurrifsúrgang. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins í úrgangsmálum samræmist stefnu ráðherra og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórnnum skylt að semja og staðfesta svæðisáætlanir, hvort sem heldur ein eða ásamt nágrannasveitarfélögum. Með áðurnefndum breytingum á lögnum mun Umhverfisstofnun vera falið að gefa út leiðbeiningar um gerð svæðisáætlana. Þær leiðbeiningar voru gefnar út á vordögum undir *Handbók um úrgangsstjórnun* og hvetur stofnunin sveitarfélög til að nýta sér handbókina í sinni vinnu. Einnig er vert að benda á að með breytingum á lögum er Umhverfisstofnun gefið það hlutverk að hafa eftirlit með útgáfu svæðisáætlana og leggja faglegt mat á innihald þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun á lífúrgangi, ásamt öðrum sérsöfnuðum heimilisúrgangi, tekur gildi þann 1. janúar 2023. Bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs (þar með talið lífræns rekstrarúrgangs) er sett fram í aðgerð nr. 16 í stefnu ráðherra í úrgangsmálum sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024. Tengist ofangreint Aðgerð F.2 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að vera umfjöllun um hvernig sveitarfélagið hyggst ráðstafa lífúrgangi og síðar meir öllum lífbrjótanlegum úrgangi, á annan hátt en að senda til urðunar eða til brennslu.

Landfylling

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir landfyllingum á hafnarsvæði H-102 og verslunar- og þjónustusvæði VP-103 (hér á líklega við ÍB-103 sbr. greinargerð og uppdrátt). Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi í tillögunni stærð, lögum, áætluð efnispörf, hverskonar efni verður nýtt í landfyllinguna og hvaðan efnið kemur.

Umhverfisstofnun bendir á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að efnum og hlutum sé varpað í hafið.

Þróunarsvæði - Starfsleyfi

Í greinargerð segir að afmörkun þróunarsvæða er fyrst og fremst skýr ábending til eigenda og annarra hagsmunaaðila um þróunarstarf og að breytinga kunni að vera að vænta á svæðunum. Miðað er við að aðalskipulagi innan þróunarsvæðanna verði breytt gefi ný og breytt áform á grunni þróunaráætlana eða samkeppni tilefni til þess.

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Strandssvæði

Í greinargerð segir að hluti strandsvæða nýtur hverfisverndar og gilda þar hverfisverndarákvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að hluti strandsvæða er innan friðlandsins og gilda þar ákvæði friðlýsingarinnar. Einnig er Nestjörn skilgreind sem strandsvæði, en tjörnin fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og eiga því ákvæði laganna þar við.

Mengaður jarðvegur

Í greinargerð kemur fram að á iðnaðarsvæði við Höfðasel (I -316) þar sem eru gamlir aflagðir öskuhaugar er hugsanlega mengaður jarðvegur.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 9. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg skal heilbrigðisnefnd gera frummat á aðstæðum ef á svæðinu er mögulega mengaður jarðvegur.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 12. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg er stofnunin að vinna í gerð gagnagrunns yfir menguð svæði eða svæði þar sem grunur er um mengun. Þar verða upplýsingar skráðar um svæði þar sem grafin hafa verið dýrahæ, þ.m.t. miltisbrandsgrafir. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr sömu reglugerðar skulu sveitarfélög taka mið af þessari skrá við gerð skipulags.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að menguð svæði og svæði sem grunur er um mengun séu skilgreind sem varúðarsvæði í skipulagi í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013.



UMHVERFIS
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur